

2346. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 16. apríl 2026 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Pálmi Haraldsson
Sigrún Ríkharðsdóttir
Jón Sigurður Pétursson
Börkur Edvardsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Tinna Ýr Gunnarsdóttir
Þorkell Máni Pétursson

Á Teams:

Matthildur Ásmundardóttir
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Guðmundur Bj. Hafþórsson

Forföll:

Björgvin Brynjólfsson
Ingi Sigurðsson varaformaður
Sveinn Gíslason

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smáráson sviðsstjóri markaðssviðs sem
ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2345). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
- Fundargerðir nefnda og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - Ein fundargerð nefndar lögð fram:
 - Fundargerð dómaranefndar frá 11. mars þar sem m.a. var fjallað um ýmislegt tengt undirbúningi keppnistímabilsins 2026.
 - Heimir Fannar Gunnlaugsson fór yfir helstu fréttir af vettvangi ÍTF. Besta deild karla fór vel af stað og mæting á leikina fín heilt yfir. Nýstárleg leið í markaðs- og kynningarstarfi deildarinnar hefur vakið athygli. Besta deild kvenna og Lengjudeild karla eru að fara af stað og kynningarfundir framundan. Samið hefur verið við Livey til tveggja ára um útsendingar frá Lengjudeildum karla og kvenna og verður Livey m.a. með markapátt um deildirnar. Verið er að skoða ýmislegt varðandi sjónvarpsréttindi Bestu deildar karla og kvenna, sem skýrist vonandi fljótlega. Þá greindi Heimir frá því að Stjórnugrís væri nýr samstarfsaðili ÍTF í Bestu deildum.
- Fréttir frá landshlutafulltrúum og kynning á nýjum fulltrúum.
 - Þorvaldur formaður fór yfir hlutverk og skyldur landshlutafulltrúa samkvæmt lögum KSÍ og hvatti til virkra og góðra samskipta á milli stjórnarmanna. Nýir landshlutafulltrúar (Matthildur og Tinna Ýr) kynntu stuttlega sinn bakgrunn í knattspyrnu. Matthildur (SL) kom m.a. inn á aðstöðumál og áskoranir knattspyrnufélaga á Suðurlandi varðandi

kostnað við ferðalög. Guðmundur Bj. (AL) fór einnig yfir ýmsar áskoranir félaga á Austurlandi, m.a. ferðakostnað og vallarmál.

4. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra/skrifstofu.

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á vinnu við nýjan rekstrar- og þjónustusamning við Reykjavíkurborg.

Eysteinn sagði frá nýlegri og vel lukkaðri vinnustofu um stefnumótun KSÍ, þar sem ýmsum hagaðilum knattspyrnunnar var boðið að taka þátt og hafa margir þeirra lýst yfir ánægju sinni með að hafa verið boðið að taka þátt. Fyrsti fasi í vinnu við næstu stefnumótun KSÍ, sem tekur gildi í janúar 2027, er vel á veg kominn.

Vinna hefur staðið yfir við sölu á útsendingarrétti (streymi) frá 2. deildum karla og kvenna. KSÍ hefur fundað með félögum í þessum deildum. Nokkur tilboð bárust og niðurstaða þessarar vinnu mun skýrast mjög fljótlega.

KSÍ ásamt öðrum sérsamböndum tekur þátt í vinnu við stefnumótun ÍSÍ.

Landsliðsmálin hafa verið nokkuð í forgrunni og margir landsleikur eru jafnan á þessum tíma ársins. Eysteinn kom aðeins inn á aðsókn að landsleikjum og fór yfir markaðs- og kynningarstarf fyrir þessa leiki, og ýmsa viðburði sem haldnir voru í aðdraganda leiksins við Úkraínu. U19 landslið kvenna náði þeim frábæra árangri að tryggja sér sæti í lokakeppni EM, sem fram fer í Bosníu-Hersegóvínu í sumar.

Mikið er að gera í mótahaldi og upphafi móta hvers árs fylgja gjarnan ýmsar áskoranir. Fulltrúar KSÍ hafa sótt ýmsar ráðstefnur og framundan er FIFA þing í Vancouver í Kanada. Samtal við KSÍ-dómara er framundan þar sem samningar við þá renna út í lok þessa árs. Samstarf við knattspyrnusamböndin á Norðurlöndum hefur verið virkt, og unnið er að sameiginlegri vinnslu ýmissa gagna og samanburð á tölfræði og ýmsum hagtölum.

Loks hvatti Eysteinn stjórnarmenn til að vera í reglulegu sambandi við skrifstofu KSÍ. Stjórnarmenn þökkðu Eysteinum fyrir yfirferðina og spurðu m.a. um ástand leikflatarins á Laugardalsvelli eftir leik A landsliðs kvenna við Úkraínu á þriðjudag. Eysteinn Pétur og Þorvaldur formaður voru til svara.

5. Lög og reglugerðir.

- a. Helga Helgadóttir kom aðeins inn á breytingar sem voru samþykktar á ársþinginu 2025 um agaviðurlög í deildarkeppni Íslandsmóts meistaraflökka, og útfærslu á þeim breytingum keppnistímabilið 2026 sem eru í vinnslu hjá laga- og leikreglanefnd.
- b. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild stjórnar á að koma áfrýjunargjaldi úr verðskrá inn í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*
- c. Lagðar fram tillögur mannvirkjanefndar að vallarleyfum.

Vallarleyfi B – 2026

Skilyrði fyrir þátttöku í Bestu deild karla

Vellir með vallarleyfi til 31/12/2026

Hlíðarendi, Hásteinsvöllur, Stjörnuvöllur, Próttarvöllur, Grindavíkurvöllur.

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi völlum verði veitt vallarleyfi B til 31.12.2027:

Félög í Bestu deild karla:

Akranesvöllur, Framvöllur, Kaplakriki, Kópavogsvöllur, KR völlum, Keflavíkurvöllur, Víkingsvöllur,

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi völlum verði veitt vallarleyfi B til 31.12.2026:

KA-völlur, undanþága vegna fjölda sæta og þaks á stúku.

Annað

Þór*, framkvæmdir standa yfir við völl og verk að ekki fullu klárað. Útgáfa vallarleyfis ekki tímabær.

* með fyrirvara um gilda prófun á gervigrasi skv. Reglugerð

Vallarleyfi C – 2026

Skilyrði fyrir þátttöku í Bestu deild kvenna og Lengjudeild karla

Vellir með vallarleyfi til 31/12 2026

Varmárvöllur, Leiknisvöllur, Torfnesevöllur, Húsavíkurvöllur

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi völlum verði veitt vallarleyfi C til 31.12.2027:

Njarðvíkurvöllur**, ÍR – völlur, Fylkisevöllur, Kórinn, Gróttta, Ægir.

* með fyrirvara um gilda prófun á gervigrasi skv. Reglugerð

** minniháttar framkvæmdir standa yfir á klefum og aðstöðu fyrir starfsmenn leiksins.

Stjórn KSÍ samþykkti tillögurnar.

6. Móta- og dómaramál.

- a. Helga formaður mótanefndar greindi frá því að mótin 2026 fari vel af stað og að spennandi mót sé framundan, vallarmálin eru vissulega áskorun eins og alltaf á þessum árstíma og ýmislegt sem getur gerst í þeim málum með tilfærslu leikja. Þá greindi Helga frá fundi með fulltrúum félaga í Bestu deild karla um framtíð Lengjubikarsins. Á fundinn mættu fulltrúar 10 félaga úr deildinni. Fundurinn var góður og samtalið gott. Óskað var eftir erindum frá þessum félögum um málið og fundað verður að nýju með öllum félögum í deildinni. Í framhaldinu verður boðað til funda með fulltrúum félaga í öðrum deildum.
- b. Ánægjulegur árangur U19 kvenna hefur áhrif á mót sumarsins, áskoranir sem mótanefndin fagnar og unnið er að lausn þeirra mála.
- c. Halldór Breiðfjörð dómara nefndarmaður tók undir það sem áður var sagt um að mótin fari vel af stað, og auðvitað koma upp atvik í leikjum sem eru umdeild. Þá kom Halldór aðeins inn á niðurröðun og þrekpróf dómara, og góða fundi sem haldnir voru með fulltrúum félaga þar sem farið var yfir breytingar á knattspyrnulögunum. Loks hvatti Halldór landshluta fulltrúa í stjórn KSÍ til góðs samstarfs við starfshóp um heiðursviðurkenningar, sem Halldór gegnir formennsku í.
- d. Stjórnarmenn ræddu almennt áskoranir í mótamálum sem snúa að vallarmálum og aðstæðum sem hafa áhrif á ferðalög milli landshluta, m.a. siglingar til Vestmannaeyja.

7. Skipan í nefndir og vinna starfshópa.

- a. Eysteinn Pétur fór yfir tillögur að skipan í nefndir.
 - **Fræðslunefnd**
Tinna Hrunn Hlynisdóttir, formaður
Guðrún Jóna Kristjánsdóttir
Gunnar Már Guðmundsson

Kristrún Lilja Daðadóttir
Sigríður Baxter Þorlákadóttir
Þórður Einarsson
Örn Ólafsson
Starfsmenn: Arnar Bill Gunnarsson og Dagur Sveinn Dagbjartsson

- **Heilbrigðisnefnd**

Reynir Björnsson, formaður
Ásta Árnadóttir
Haukur Björnsson
Rúnar Pálmarsson
Sigrún Árnadóttir
Starfsmaður: Jörundur Áki Sveinsson

- **Knattspyrnu- og þróunarnefnd**

Pálmi Haraldsson, formaður
Ásgerður S. Baldursdóttir
Ásthildur Helgadóttir
Daði Rafnsson
Davíð Snorri Jónasson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Margrét Lára Viðarsdóttir
Starfsmaður: Jörundur Áki Sveinsson

- **Laga- og leikreglanefnd**

Gísli Gíslason, formaður
Kolbrún Arnardóttir
Lee Ann Maginnis
Margrét Hafsteinsdóttir
Sveinn Gíslason
Starfsmaður: Axel Kári Vignisson

- **Málskotsnefnd**

Birgir Jónasson, formaður
Gísli Hlynur Jóhannsson
Íris Björk Eysteinsdóttir
Til vara:
Ragnhildur Skúladóttir
Victor Ingi Olsen

- **Markaðsnefnd**

Börkur Edvardsson, formaður
Hulda Mýrdal
Hörður Ágústsson
Mist Edwardsdóttir
Ólafur Thors
Sigurður K. Pálsson
Sævar Pétursson
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Starfsmaður: Ómar Smáráson

- **Mannvirkjanefnd**

Jón Sigurður Pétursson, formaður

Ásthildur Helgadóttir
Bjarni Þór Hannesson
Eyrún Linnét
Inga Rut Hjaltadóttir
Viggó Magnússon
Starfsmaður: Fannar Helgi Rúnarsson

Stjórn samþykkti tillögurnar.

Skipan í Grasrótarnefnd var frestað til næsta stjórnarfundar.

- b. Skýrsla starfshóps - *Hlé á miðju keppnistímabili.*
 - i. Þorkell Máni fór yfir vinnu starfshópsins og helstu niðurstöður, möguleika og áskoranir í náinni framtíð, en hópurinn telur mikilvægt að skoðað verði af fullri alvöru að innleiða hlé á miðju sumri í efstu deildum karla og kvenna. Starfshópurinn mun starfa áfram að þessu verkefni ásamt fulltrúum ÍTF og LÍ, og verið er að safna gögnum.
 - c. Skýrsla starfshóps - *Umgjörð og aðsókn á leikjum í Bestu deildum karla og kvenna og Lengjudeildum karla og kvenna.*
 - i. Þorkell Máni fór yfir vinnu starfshópsins og hefur ýmsum hugmyndum verið velt upp. Fram kom í máli Þorkels Mána að mikilvægt væri að vera með áreiðanlegar tölur og raunveruleg gögn sem er hægt að styðjast við. Ein af hugmyndunum sem fram hafa komið er um sérstök markaðsverðlaun til félaga. Heimir fór stuttlega yfir hlut ÍTF í öllu þessu, ýmsar hugmyndir og mögulegan stuðning við félögin. Starfshópurinn er enn að störfum og verður áfram. Umræður urðu á meðal stjórnarmanna um umgjörð leikja almennt, upplifun áhorfenda, veitingasölu og ýmislegt annað.
 - d. Skýrsla starfshóps - *Rýning og mat á mótum í meistaraflokki kvenna og keppnisfyrirkomulagi* (umfjöllun frestað til næsta fundar).
8. Landsliðsmál - Málefni landsliða og næstu verkefni.
- a. Þorvaldur Örylgsson fór stuttlega yfir landsliðsmál, nýlegt verkefni A landsliðs karla í Kanada í mars, verkefni A landsliðs kvenna í byrjun mars og yfirstandandi verkefni liðsins, sem leikur tvo leiki í undankeppni HM 2027 hér heima. Yngri landsliðin hafa leikið marga leiki og U19 kvenna náði þeim frábæra árangri í vikunni að tryggja sér sæti í lokakeppni EM sem fram fer í Bosníu og Hersegóvínu í sumar. Loks fór Þorvaldur stuttlega yfir komandi verkefni A landsliðs karla í vor, þar sem liðið leikur við Japan í Tókýó og Argentínu í Alabama í Bandaríkjunum.
9. Önnur mál.
- a. Lögð fram svohljóðandi ályktun frá Ungmennáþingi KSÍ frá 15. mars: “Til þess að tryggja aðgengi að fótbolta eftir 2. flokk skorar Ungmennáþing KSÍ á félögin að bjóða upp á æfingar fyrir alla, bæði fyrir þá iðkendur sem stefna að því að spila með meistaraflokki félagsins og fyrir þá sem vilja æfa fótbolta en stefna ekki hærra. Að fá að tilheyra liði og að geta sótt æfingu í íþróttafélagi hefur sýnt sig að sé besta forvörnin”. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela framkvæmdastjóra að koma ályktuninni á framfæri við aðildarfélög.*
 - b. Halldór Breiðfjörð fór yfir nýlegar heiðranir sem voru áður samþykktar og búið að afhenda. Premur fulltrúum Fjölnis voru afhent Silfurmerki, þeim Hildigunni Smáradóttur, Sigurði Rúnari Sveinssyni og Sigurður Einari Guðbrandssyni.

Fundi slitið kl. 17:25.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir boðaðir 12. maí og 18. júní.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sigrún Ríkharðsdóttir

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Jón Sigurður Pétursson

Guðmundur Björnsson Hafþórsson

Undirritunarsíða

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Ólafur Hrafn Ólafsson

Matthildur Ásmundardóttir

Tinna Ýr Gunnarsdóttir